

Fósturvís aflutningar

Þróun fósturvís aflutninga í íslenskri hrossarækt

Tímabil: 1997-2000

Styrktaraðili: Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Samstarfsaðilar: Verkefnið var unnið í samstarfi við rannsóknastöð í hestafrjósemi í Newmarket í Englandi (TBA, fertility unit) sem veitti starfsmönnum skólans verkþjálfun og faglega aðstoð við uppbyggingu á tækjabúnaði og aðstöðu sem nauðsynleg telst.

Lýsing á verkefni: Verkefnið var unnið vorin 1997 og 1999. Fyrra árið voru fósturvísar fluttir með skurðaðgerð á fósturu en seinna árið í gegnum legháls. Eftir þessa tveggja ára þróunarvinnu hefur verið sýnt fram á að aðferðin er raunhæfur möguleiki til ræktunar úrvalshrossa í íslenskri hrossarækt og alls eru til á Hólum 13 lifandi hross (3 hross eru 6 vetra, 6 hross eru 4 vetra, 1 tryppi 2 vetra og 3 folöld fædd 2004) sem eru tilkomin vegna fósturvís aflutninga. 9 af þessum hrossum eru afrakstur frá fyrstu 2 árunum en hin eru síðar tilkomin.

Við þróunarvinnuna fyrstu 2 árin (1997 og 1999) var alfarið unnið með hryssur skólans en síðan var þessi möguleiki boðinn öllum hrossaræktendum og var fyrst boðið uppá þessa þjónustu vorið 2001 við skólann.

Birting niðurstaðna:

- Guðrún J. Stefánsdóttir og Vilhjálmur Svansson, 1999. Þróunarverkefni með fósturvís aflutninga í íslenskum hryssum. Freyr-hrossaræktarblað, 1.tbl. janúar 95.árg. bls. 31-32.
- Höskuldur Jensson, 1999. Fósturvís aflutningar á milli hryssna. Þróunarverkefni við Hólaskóla –seinni hluti. Freyr-hrossaræktarblað, 13-14.tbl. desember 95.árg. bls. 35-37.